

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 7.tbl. 10. árg

Maí 2021

Góðan dag kæru forráðamenn

Nú líður að skólalokum á þessu skólaári 2021 - 2022. Árið hefur alls ekki verið með hefðbundnum hætti eins og við öll vitum og enn er ekki ljóst hvernig það mun enda.

Covid 19 hefur sett stórt strik í reikninginn í skólahaldi sem og samfélaginu öllu en sem betur fer hefur okkur tekist að sigla nokkuð lygnan sjó hér í Glerárskóla þrátt fyrir allt.

HUGUR-HÖND-HEILBRIGÐI eru orðin okkar þrjú og eftir þeirri sýn stýrist skólastarfið. Það var gaman nú á vordögum þegar verk nemenda voru til sýnis á Barnamenningarhátíð Akureyrarbæjar, bæði í ráðhúsinu (myndverk) og í strætó (ljóð). Þó ekki hafi náðst að taka upp fyrir hátíðina hið mikla og flotta verk 9. bekkinga, Konungur ljónanna, náðum við samt að hafa tvær árshátíðarsýningar áður en öllu var skellt í lás um páskana. Þar vorum við heppin.

Starfið í skólanum heldur áfram en í maí og júní eru kennsludagarnir 23. Skólaslit verða þriðjudaginn 8. júní og eftir þau fara nemendur í sumarfrí.

Þangað til verður margt fróðlegt og skemmtilegt í gangi og vonandi verður hægt að létta á sóttvarnareglum þegar líður á mánuðinn. Allt skipulag skólans er gert með fyrirvara um sóttvarnareglur.

Takk fyrir samstarfið í vetur og gleðilegt sumar.

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Farartæki á hjólum

Nú þegar vorið er komið hafa nemendur skólans tekið reiðhjól og önnur farartæki á hjólum í notkun. Við viljum minna á þær reglur sem um slík farartæki gilda og finna má á heimasíðu skólans.

Allir nemendur skulu nota hjálma og eingöngu nýta farartækin til að koma í og fara heim frá skóla. Einnig skal brýna fyrir nemendum að **setja hjólin í hjólagrindur og alls ekki beint fyrir framan innganga að skólanum.**

Við bendum forráðamönnum á að ef nemendur eru á leiguhlaupahjólum, sem nú er hægt að leigja hér á Akureyri, eru þeir alfarið á ábyrgð forráðamanna þar sem aldurstakmark á þeim hjólum er 18 ár.

Sjá má á heimasíðu skólans myndband með reglum um notkun rafhlaupahjóna frá Samgöngustofu og reglum skólans um notkun farartækja á hjólum.



Litla upplestrarkeppnin

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk var haldin hátíðleg fimmtudaginn 29. apríl s.l. Nemendur lásu upp texta og fengu viðurkenningu fyrir. Litla upplestrarkeppnin er hluti af eflingu nemenda í lestri og hvetjandi til áframhaldandi þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk. (sjá frétt á heimasíðu)

Skólaferðalag 10. bekkjar

10. bekkur fer að vonum í skólaferðalag dagana 18. - 20. maí n.k. en þá verður loksins komið að því sem nemendur hafa beðið spenntir eftir í allan vetur. Þriðjudaginn 18. maí leggja þau af stað í skólaferðalagið langþráða í Skagafjörðinn og stefna að því að eiga frábæra daga með miklu fjöri og skemmtilegheitum.

Til þess að svo megi verða þarf að hafa kurteisi, tillitssemi og samstöðu með í för svo allir nái að njóta sín og þannig höfum við gaman saman!

Munum: Nemendur Glerárskóla hafa ávallt verið til fyrirmyndar á skólaferðalögum sínum og orðspor skólans er gott - þannig viljum við hafa það áfram.

Óskum nemendum 10. bekkjar góðrar ferðar.

Myndataka hjá 10. bekk

Ráð er fyrir því gert að teknar verði útskriftarmyndir af 10. bekk föstudaginn 21. maí n.k. að morgni.

Skipulagsdagar í maí

Föstudagurinn 14. maí og þriðjudagurinn 25. maí eru skipulagsdagar í Glerárskóla. Þá daga eru nemendur í fríi á meðan starfsfólk stundar starfsþróun og skipulagningu.

Uppbrotsdagar í maí og júní

Síðustu dagar skólaársins eru alltaf skemmtilegir og þá er margskonar öðruvísi nám í gangi hjá nemendum. Útivera er stór hluti af þessum dögum og viljum við biðla til forráðamanna að sjá til þess að börnin séu klædd samkvæmt veðurfari. Alltaf er hægt að klæða sig úr en erfiðara að vera ekki með nóg af fötum ef kalt verður. Á skóladagatali á heimasíðu skólans má sjá skipulag skóladaganna og eins í pósti frá kennurum.

Skóladagatal 2021-2022

Nú hefur fræðsluráð Akureyrarbæjar samþykkt skóladagatal Glerárskóla fyrir næsta skólaár. Skóladagatalið 2021-2022 má vinna á heimasíðu skólans.

„ Hugsaðu um það helzt og fremst,
sem heiðurinn má næra;
aldrei sá til æru kemst,
sem ekkert gott vill læra. ”
Hallgrímur Pétursson

Helstu atburðir í maí og júní 2021

Maí 2021	
14. maí 2021	Skipulagsdagur - nemendur í skólafríi - Frístund lokuð
18. - 20 maí 2021	10. bekkur í skólaferðalagi (með fyrirvara vegna sóttvarnarreglna)
24. maí 2021	Annar í hvítasunnu - Skólafrí
25. maí 2021	Skipulagsdagur - nemendur í skólafríi - Frístund opin frá 8:00 - 16:15
Júní 2021	
4. júní 2021	Uppbrot - nemendur mikið útivið - klæða sig eftir veðri - skóli til 13:15
7. júní 2021	Uppbrot - nemendur mikið útivið - klæða sig eftir veðri - skóli til 13:15
8. júní 2021	Skólaslit (sjá skipulag) - Nemendur fara í sumarfrí að loknum slitum

Skólaslit Glerárskóla 2021

Skólaslit Glerárskóla verða þriðjudaginn 8. júní 2021 samkvæmt eftirfarandi (**birt með fyrirvara um breytingar**). Nemendur í 1. - 8. bekk mæta í stofur. Síðan verða skólaslit í íþróttasal og að lokum er farið aftur til stofu þar sem kennarar og nemendur kveðjast. Í 8. - 10. bekk mæta nemendur kl. 16:30 í Glerárkirkju. Þar verða skólaslit og útskrift nemenda á formlegan hátt en auk þess verður boðið upp á kaffiveitingar ef sóttvarnarreglur leyfa.

Kl. 9:00 - 10:00: 1. - 4. bekkur mætir í stofu til umsjónarkennara

Kl. 10:00 - 11:00: 5. - 7. bekkur mætir í stofu til umsjónarkennara

Kl. 16:30 - 18:00: 8. - 10. bekkur mætir í Glerárkirkju

Nánari upplýsingar koma þegar nær dregur og málin skýrast betur.

„Allt er gott þá endirinn er góður”
Ísl. málteki

Sóttvarnir í grunnskólanum

Þann 15. apríl s.l. tóku gildi þrettánda sóttvarnareglur frá því í mars í fyrra. Þær reglur gilda til 5. maí n.k. og enn vitum við ekki hvað þá tekur við.



Gildandi reglur innihalda m.a. eftirfarandi:

1. 1 metra regla eða grímuskylda að öðrum kosti hjá starfsfólki
2. Nemendur mega vera 50 saman í rými
3. **Nemendur þurfa að spritta hendur við komu í skólann og þegar farið er í matsal (má gjarnan brýna þetta fyrir nemendum heima)**
4. Sótthreinsa þarf skólann reglulega
5. Ekki er gert ráð fyrir að forráðamenn né aðrir utanaðkomandi komi í skólann nema brýna nauðsyn beri til og þá með grímur og sprittun.
6. Skammta þarf mat í matsal

Vonandi förum við að sjá fyrir endann á þessu ástandi en á meðan

Covid-19

Nú á þessum tímum Covid-19 þurfum við öll að vera almannavarnir. Við í skólanum reynum okkar besta til að allt geti gengið snuðrulaust fyrir sig en til þess að svo geti orðið þurfum við einnig ykkar aðstoð. Við biðjum því um að eftirfarandi verklag verði nýtt:

1. Ef nemandi sýnir einkenni sem gætu tengst Covid -19, vinsamlega haldið honum heima.
2. Ef nemandi er á leið í sýnatöku, vinsamlega sendið systkini hans ekki í skólann fyrr en niðurstaða er fengin.
3. Látið ritara og umsjónarkennara vita ef um er að ræða veikindi sem tengjast Covid-19 og **um niðurstöður úr skimun.**

Við biðjum ykkur einnig að ítreka við börnin ykkar að þau verða að **spritta hendur við komu í skólann og þegar þau fara í matsal.**

„Engin aðferð er áhrifaríkari en að sýna gott fordæmi”

Ingvar Kamprad, stofnandi IKEA

Rýmingaræfing

Í næstu viku verður haldin óundirbúin rýmingaræfing í Glerárskóla. Þá mun Slökkviliðið væntanlega mæta á svæðið og allt gert eins raunverulegt og unnt er. Gott væri að nefna við börnin að þetta sé á dagskrá og að allir verði að vera vakandi. Nemendur munu fara beint út án þess að fara í skó og úlpur og síðan er farið eftir áætlun um rýmingu.

Stelpur og tækni

Miðvikudaginn 19. maí n.k. munu stelpur úr 9. bekk Glerárskóla taka þátt í verkefninu Stelpur og tækni sem haldið er á vegum Háskólans á Akureyri. Um er að ræða forritunarverkefni sem verður unnið á tölvutæku formi í mörgum grunnskólum í einu. Stelpurnar leysa ýmis verkefni og er áætlað að verkefnið taki um 3 klukkustundir. Gaman að taka þátt í svona verkefnum.

Skólaárið 2021-2022

Um þessar mundir er í fullum gangi skipulagsvinna fyrir komandi skólaár. Allt er að smella saman og fljótlega verður ljóst hvernig skipulaginu verður háttað. Því miður fækkar nemendum á milli skólaára en á Akureyri hefur undanfarið verið fækkun á nemendum í heildina og svo virðist ætla að verða næstu ár. Við höldum þó áfram að horfa bjartsýn fram á við og eflum skólastarfið með ári hverju.

Glerárskóli fékk á vordögum styrk frá Sprotasjóði til að hefja vinnu við verkefnið „Strákar, lesum saman“ en verkefnið gengur út á að efla læsi með því að huga að áhugahvöt nemenda þar sem drengir eru settir í sérstakan forgang.

Margt fleira verður í brennidepli á komandi ári en umfram allt vonum við að stöðugleiki náist í samfélaginu svo hægt verði að sinna unga fólkinu okkar eins og best verður á kosið.

Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerarskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

